

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 6. janúar 2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir (SBS) sem varakona í stjórn, Unnur Elva Arnardóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn. Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ) boðaði forföll.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra (helstu verkefni á dagskrá, staða á reikningi, féltal)
3. FKA Viðurkenningarhátíðin staðan og tilnefndar konur/nöfnin í trúnaði.
4. Sýnileikadagurinn. Sýnileiki í takt við nýja tíma. Staðan
5. Covid '21 umræða og stefnumörkun út frá stöðunni s.s. um fundi, ferðir o.fl.
6. Viðburðir ársins, fundartímar og taktur hjá stjórn.
7. Mundakot og yfirfærsla staða.
8. Rekstaráætlun lögð fyrir.
9. Önnur mál
 - a) Nýliðamóttaka b) Stefnumótunin. c) Velunnarar

Varaformaður stjórnar, Ragnheiður Aradóttir, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar

RA fór yfir dagskrá fundarins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra (helstu verkefni á dagskrá, staða á reikningi, féltal)

AR fór yfir árið 2020. AR hefur haft samband við allar nefndir, deildir og ráð varðandi dagskrá nýs FKA árs. Sýnileiki FKA aldrei verið meiri. AR þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

AR fór yfir fjölmiðlaskýrslu ársins 2020 og stöðuna á reikningum félagsins.

3. FKA Viðurkenningarhátíðin staðan og tilnefndar konur/nöfnin í trúnaði.

ÁG greindi frá því að undirbúningur fyrir viðurkenningarhátíð FKA væri í fullum gangi. Dómnefnd skipuð 7 einstaklingum með ÁG sem formann komst að niðurstöðu um val viðurkenningarhafa í desember sl. Hringt hefði verið í viðurkenningarhafana nú eftir áramót og þeim tilkynnt niðurstaða dómnefndar. Þá greindi ÁG frá því að AR hefði bókað viðtöl við viðurkenningarhafana sem sýnd verða á viðurkenningarhátíð FKA þann 27. janúar nk.

AR fjallaði um að hún hefði heyrt í viðurkenningarhöfum til að bóka í viðtöl. AR er í stöðugum samskiptum við Torg. Sala gengur ágætlega í sérblaðið. AR undirbýr þá stjórnendabætti sem eftir eru. Þátturinn verður sýndur 27.1 og munu Hulda Bjarnadóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson stjórna þættinum.

4. Sýnileikadagurinn. Sýnileiki í takt við nýja tíma. Staðan

VJ greindi frá því að undirbúningur væri í fullum gangi. Fyrirlesarar hafa verið bókaðir. Áætlað er að kostnaður verði um 1 mkr. Arion banki hefur lýst því yfir að leggja 1 mkr. fram vegna viðburðarins. Sýnileikadagurinn verður haldinn í lok febrúar og standa vonir til þess að einhverjar geti verið viðstaddar en það mun skýrast þegar nær dregur.

5. Covid ´ 21 umræða og stefnumörkun út frá stöðunni s.s. um fundi, ferðir o.fl.

Stjórn var á einu máli um að fundir á vegum FKA verði að taka mið af gildandi sóttvarnareglum á hverjum tíma.

6. Viðburðir ársins, fundartímar og taktur hjá stjórn.

Eftir umræður voru stjórnarkonur sammála því að viðburðadagatal FKA verði að taka mið af stöðu COVID-19 faraldursins hér á landi. Því væri viðburðadagatalið enn sem komið er óskrifað blað. Það væri þó ekki spurning hvort heldur hvernig viðburðir á vegum FKA fari fram. Góð reynsla væri af rafrænum viðburðum þar sem þátttaka væri góð. Stefna stjórnar FKA væri sú að fylgja sóttvarnareglum og styðja við félagskonur í hvívetna.

7. Mundakot og yfirfærsla staða.

UEA greindi frá því að yfirfærslan væri í undirbúningi en ekki formlega hafin. Verkefnið verður keyrt í gang í janúar. Brýnt er að fara yfir kostnaðarliði en ljóst er að yfirfærslan mun hafa í för sér einhvern kostnað til að byrja með sem mun á endanum skila sér í lægri kostnaði fyrir félagið.

8. Rekstraráætlun lögð fyrir.

Rekstraráætlun félagsins vegna ársins 2021 var varpað upp til yfirferðar stjórnar. AR og UEA greindu frá helstu liðum áætlunarinnar. Verður lögð fram til samþykktar á fundi stjórnar þann 27. janúar nk.

9. Önnur mál

a) Nýliðamóttaka – Verður haldin rafrænt þann 14. janúar nk.

b) Stefnumótunin. – AR ætlar að útbúa sérstakan litakóða.

C) Velunnarar - Stjórn sammála því að dusta rykið af gamalli aðferð við öflun fjár fyrir FKA sem felst í því að hafa samband við velunnara til að styðja við fjárhag félagsins.

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir gekk úr stjórn í ársbyrjun 2021 til að sinna öðrum störfum. Stjórn þakkaði Sigríði Hrund fyrir góð störf í þágu FKA og fyrir gott samstarf innan stjórnar. Í stað hennar kemur inn í stjórnina, Rakel Lind Hauksdóttir Michelsen fyrsta varakona í stjórn FKA.

Fleira var ekki gert.



Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.